

**133. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
11. nóvember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1801116 - Endurskoðun á brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri og Karl Haagensen verkefnastjóri, sátu fundinn undir þessum lið.

Farið var yfir drög að aðgerðaráætlun vegna brunavarnaráætlunar.

2. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir

Karl Haagensen verkefnastjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirhugaða breytingu á klæðningu fimleikahússins, sem felst í því að á tvö horn hússins verður sett lerkiklæðning í stað stálklæðningar.

3. 1911054 - Leikskóli hönnun

Karl Haagensen verkefnastjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Farið yfir drög að útboðsgögnum vegna fyrsta hluta hönnunar á leikskóla í Skógarhverfi.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að útboðsgögn fái einnig kynningu í skóla- og frístundaráði og bæjarráði.

4. 1910179 - Fjöliðjan

Farið yfir stöðu mála varðandi staðsetningu Fjöliðjunnar í framtíðinni. Lagt fram minnisblað frá forstöðumanni Fjöliðjunnar.

5. 1903262 - Fyrirspurn lóð undir N1 (Þjóðbraut 9, Þjóðbraut 11 og Dalbraut 14)

Farið var yfir möguleika á annarri staðsetningu á starfsemi N1 á Akranesi. Sviðsstjóra falið að halda áfram með málið.

6. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Árni Ólafsson arkitekt, var í símasambandi undir þessum dagskrárlíð.

Farið var yfir næstu skref varðandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Akraneskaupstaðar.

7. 1911022 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áf. - Asparskógar 19 og 21.

Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Asparskógar 12, 14, 16 og 18.

RS

8. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Farið yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 og fyrirhugaða tímalínu framkvæmda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:40.

Ragnar Samundsson

Gerður Jón. Jóhannsdóttir

Ólafur Þorsteinsson
S.K.-V.H.

Hafþór Sigurðsson rit.